



BARBARA BONNEY - EINSTAKIR LJÓÐATÓNLEIKAR!

Það er mikið tilhlökkunarefni að fá **Barböru Bonney** á Listahátíð í vor, enda er hún ein ástsælasta sópransöngkona heims og á stóran aðdáendahóp. Hún hefur unnið hug og hjórtu fólks um allan heim með litbrigðaríkri rödd, sterkum og hlýjum persónuleika og fjölbærni í túlkun ólíkra stíla. Á tónleikunum, sem verða í stóra sal Hörpu, Eldborg, mun hún syngja sönglög og ljóð eftir **Schumann, Strauss** og **Grieg**. Píanóleikari er **Thomas Schuback**. Í tengslum við tónleikana býður Endurmenntun HÍ upp á námskeiðið: [Barbara Bonney í litrófi raddanna](#) í umsjón Bergþórs Pálssonar.

„*Dásamleg sópranrödd sem hljómar eins og sjálfst vorið*“
Gramophone

„*Kristaltær og ljóðræn*“ NYT

„*Topp-tækni, topp-innlifun*“ MBL

[Lesu meira / Kaupa miða](#)

KRAKÁ - NEW YORK - REYKJAVÍK

Tónverkið *Music for Solaris* eftir **Ben Frost** og **Daníel Bjarnason** var flutt í liðinni viku í Lincoln Center í New York, en það var frumflutt á Unsound tónlistarhátíðinni í Kraká í Póllandi síðastliðið haust. **Sinfónietta Krakáborgar** flutti verkið ásamt Daníel og Ben en hún er einn virtasti tónlistarhópur í Evrópu í dag og hefur vakið athygli fyrir frumleika í túlkun og verkefnavali. Þetta metnaðarfulla verkefni er á leið á Listahátíð í vor og verður flutt í Hörpu þann 4. júní.

Tónverkið er samið í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá útgáfu skáldsögunnar *Solaris* eftir pólska rithöfundinn Stanislaw Lem. Við tónlistina er sýnt kvikmyndaverk **Brian Eno** og Nick Robertson sem byggir á kvikmynd Tarkovskys, *Solaris*, frá árinu 1972. Krakásinfóníettan flytur einnig verk eftir pólsku tónskáldin Górecki og Penderecki.

[Lesu meira / Kaupa miða](#)

SAFARÍK DAGSKRÁ LISTAHÁTÍÐAR Á VEFNUM

Heildardagskrá hátíðarinnar í vor var kynnt í byrjun apríl og hefur fengið frábærar móttökur. Á dagskránni eru **tónleikar** af öllum toga með erlendum og innlendum stórnöfnum, frumlegar og myndar **dans- og leiksýningar** fyrir alla fjölskylduna og **bókmenntir** og **myndlist** á heimsmælikvarða.

Á vef hátíðarinnar, www.listahatid.is, er hægt á aðgengilegan hátt að fletta í gegnum alla dagskrána, skoða greinargóðar upplýsingar um hvern viðburð og kaupa sér miða.

Hefur þú kynnt þér dagskrána í vor?

[Skoða dagskrá Listahátíðar 2011](#)

